

Svalbarðsstrandahreppur
Árni K. Bjarnason,
sveitarstjóri
Ráðhúsinu
601 Akureyri

Umhverfisstofnun	
Áb.	
12 FEB. 2009 54.22	
Tilv.	



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 10. febrúar 2009
Tilvísun: UST20090100172/bs


Breyting á aðalskipulagi Svalbarðsstrandahrepps 2008-2020 - Efnisvinnslusvæði í landi Siglufíkur. Umsögn

Vísað er til tölvubréfs Svalbarðsstrandahrepps sent 23. janúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreinda breytingu á aðalskipulagi.

Breytingin nær til um 1,9 ha klapparholts skammt norðan við bæinn Siglufík og ofan Hringvegar. Þarna er fyrirhugað að vinna um 100.000 m³ af grjóti.

Umhverfisstofnun hefur með bréfi dags. 6. febrúar sl. gefið umsögn um hvort ofangreind efnistaka skuli háð mati á umhverfisáhrifum. Í áðurnefndri umsögn benti Umhverfisstofnun á að fyrirhugað efnistökusvæði er ekki á verndarsvæði, ekki innan svæðis á náttúruminjasrá, efnistakan mun ekki fara fram í jarðmyndum sem nýtur sérstakrar verndar skv. lögum nr. 44/1999 um náttúruvernd, eða í jarðmyndun sem telst sérstæð að öðru leyti. Við efnistöku mun ekki sérstakt gróðurlendi skerðast og ekki er vitað til að plöntur á valista finnast á umræddu svæði. Umhverfisstofnun telur að helstu áhrif efnistöku á þeim stað sem hér um ræðir verða sjónræn áhrif á vinnslutíma. Úr þeim má draga verulega með vönduðum vinnubrögðum.

Að teknu tilliti til ofangreindra sjónarmiða gerir Umhverfisstofnun ekki athugasemdir við fyrirhugaða breytingu á aðalskipulagi Svalbarðsstrandahrepps.

Virðingarfyllt

Björn Stefánsson



Hjalti J Guðmundsson
Sviðsstjóri